

Fundur í svæðisráði Vatnajökulþjóðgarðs haldinn í Hrauneyjum 15. september 2008, klukkan 21:20, eftir ferð ráðsins í Jökulheima og norður að Sylgju.

Mætt: Elín Heidi Valsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Sigurður Skúlason, Kári Kristjánsson, Leifur Þorsteinsson og Eydís P. Indriðadóttir sem ritaði fundargerð. Erla Ívarsdóttir boðaði forföll.

1. **Erindi frá SAMÚT, Samtökun útivistarfélaga dagsett 21. ágúst 2008** varðandi merkingar og stikun aksturs og ferðaleiða á Jökulheimasvæði, sem markast í norðri af Hágöngulóni, í suðri af Veiðivötnum, í vestri af Tungná og Köldukvísl og í austri. Meðfylgjandi eru kort og skýringar. Svæðisráð þakkar fyrir góðar og gagnlegar upplýsingar. Erindinu vísað til vinnu við gerð verndaráætlunar fyrir Vestursvæðið.
2. **Deiliskipulag í Blágiljum**, sunnan Lakavegar, þar sem hugsað er að landvörður hafi aðstöðu er tilbúið í auglýsingaferli. Svæðisráðið leggur áherslu á það að húsið verði byggt í vetur þannig að hægt verði að flytja það tilbúið á staðinn í vor. Til að bæta umgengni og koma í veg fyrir skemmdir á Tjarnargíg hefur þar verið unnið að áframhaldandi pallagerð og stefnt er að verklokum fyrir veturinn.
3. **Starfsemi landvarða sumarið 2008.** Hermann Valsson, Helga Garðarsdóttir, Birgir Sigurðsson og Kári Kristjánsson voru landverðir á Suðvestursvæðinu. Nauðsynlegt er að kalla eftir skýrslum frá þeim um sumarstarfið. Stefnt er á að halda fundi með nýjum landvörðum í upphafi starfs 2009. Kári Kristjánsson var starfsmaður í Laka og var starf þar allt í föstum skorðum. Umferð þar var töluvert minni en undanfarin ár.
4. **Ráðning þjóðgarðsvarðar.** Svæðisráðið leggur áherslu að staða þjóðgarðsvarðar fyrir Vestursvæði verði auglýst nú um mánaðarmótin september/október eins og gert hefur verið ráð fyrir í rekstaráætlunum.

5. Önnur mál:

a) Staða fjárhagsáætlunar 2008

Svæðisráðið óskar eftir upplýsingum um núverandi stöðu fjárhags á Vestursvæði.

b) Fundargerð fundar svæðisráðs frá 19. apríl 2008.

Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar:

2. liður. Skammstöfunin “NIT” á að vera “NEED”

7. liður. Orðið “Langasjávarsvæðið” komi í staðinn fyrir “Lakasvæðið.”

7. og 11. liður. Bent er á að Ólafía Jakobsdóttir er fulltrúi umhverfisverndarsamtaka en ekki frjálsra félagasamtaka.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

c) Umræður um aðkomu Byggðasamlagsins Green Globe umhverfisvottunarverkefnis á Suðvestursvæði Vatnajökulþjóðgarðs. Umhverfisstofnun kom að verkefninu Green Globe áður en Vatnajökulþjóðgarður var stofnaður og er því óskað eftir álitum stjórnar á

Því hvort og með hvaða fyrirkomulagi þjóðgarðurinn taki þátt í verkefninu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 22:55. Ferð um Vonarskarð verður haldið áfram á morgun.